

og bæta gróður jarðar og lífsskilyrði búpenings, að styrkja fátækt fólk og að viðhalda kristindómsfræðslu og kristilegu safnaðarlífi.

12
30. jan.

13. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 18. janúar 1939.

FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Vestmannaeyjar.

13
3. febr.

I. KAFLI

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Vestmannaeyjar og nær til allra báta, sem ganga þar til fiskjar yfir vetrarvertíð og eigi eru stærri en 60 smálestir.

2. gr.

Frá 1. degi janúar til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, má eigi fara til fiskjar með línu, seinna að degi til en kl. 12 á hádegi.

Frá 1. janúar til 15. febrúar má eigi fara til fiskjar með línu, fyrr en kl. 3 f. h. og frá 15. febrúar til 1. apríl kl. 2 f. h.

Sé róið með línu á tímabilinu frá 1. apríl til 11. maí, að báðum dögum meðtöldum, má róa á öllum tímum, nema frá kl. 12 á hádegi til kl. 7 að kveldi.

3. gr.

Nefnd sú, sem kosin er samkv. 4. grein hér á eftir, lætur gefa merki (ljósmerki) úr landi, þegar tíminn er kominn. Öllum bátum er heimilt að fara frá festum sínum á Botninum út á Vík, en þó ekki utar en í línu, sem ákveðin er með tveimur hvítum ljósum. Ljós þessi eru sett upp ofanvert við Helli á Urðum, þannig að þau mynda beina línu í Klettsnef, þegar þau bera saman. Út fyrir þessa línu má enginn bátur fara, fyrr en merki hefir verið gefið og telst það fullt brot á samþykktinni, ef nokkur bátur fer að einhverju leyti út fyrir línuna. Á leið út af Botninum má enginn bátur fara með meiri ferð en svo, að báturinn láti sæmlega að stjórn.

Eftirlitsbátarnir skulu dreifa sér á ofangreinda línu, svo að þeir geti nákvæmlega fylgst með öllum brotum á samþykkt þessari, og leyfist þeim að sjálfsögðu ekki fremur en öðrum að fara út fyrir hina ákveðnu línu.

Smábátar (trillubátar) mega þó ekki fara út fyrir hafnargarðana, fyrr en ljósmerki hefir verið gefið.

4. gr.

Formenn skulu gæta þess að leggja ekki á Leiðina of nærri hver öðrum, heldur með hæfilegu millibili. Þegar Leiðin er athugaverð, má eigi leggja bátum á hana hverjum á móti öðrum, heldur skal beðið eftir þeim bát, sem á Leiðina hefir lagt. Bátur sem af sjó kemur, hefir forgangsrétt og fyrir vélbáti gengur róðrabátur. Þegar margir bátar fara saman út eða inn Leiðina mega þeir ekki fara hraðar en svo, að þeir láti vel að stjórn.

13

3. febr.

5. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kýs árlega 9 bátaformenn, þó aldrei færri en að 8. hver formaður sé gæzlunefndarmaður, til þess að hafa eftirlit með því, að fyrir-mælum samþykktar þessarar sé hlýtt, skulu gæzlumenn auðkenna báta sína með einu vinnuljósi á miðþilfari og er öllum öðrum bátum óheimilt að nota slíkt merki. Brot á ákvæðum þessarar greinar telst sem tímabrot.

II. KAFLI

6. gr.

Allir bátar, sem fiskveiðar stunda við Vestmannaeyjar, eru skyldir til að hafa veiðarfæri sín greinilega merkt. Skal þess vandlega gætt, að engin merki séu svo lík, að ekki sé auðvelt að greina á milli.

7. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kýs árlega þriggja manna nefnd, er eftirlit hefir með því, að hlýtt sé ákvæðum 6. greinar. Jafnframt skal nefndin halda nákvæma skrá yfir öll merkin. Síðan skal prenta merkjaskrá þessa, og fær hver bátur eitt eintak gegn lágu gjaldi.

Kostnaður við prentun og skrásetningu merkjanna greiðist úr hafnarsjóði.

8. gr.

Aðkomubátar eru skyldir til að tilkynna merki sín, áður en þeir byrja hér fiskveiðar. Nefndin gætir þess, að merki aðkomubáta séu eigi hin sömu eða of lík þeim, sem fyrir eru, og taki þau síðan á merkjaskrá, og sjái um að tilkynna þau opinberlega.

9. gr.

Enginn bátur má leggja þorskanet undir Sandi án útfara. Við hvert útfara-akkeri skal vera að minnsta kosti 5 faðma keðja. Við akkeri, sem vegur 25 kg, má í hæsta lagi leggja 8 netum. Við akkeri, sem eigi vegur meira en 35 kg, má mest leggja 12 netum, og við akkeri, sem vegur 50 kg, má mest leggja 15 netum. Undir Sandi má eigi leggja lengri trossu en 15 neta. Útfarann skal hafa á þeim enda, sem fjær landi er, og skal hann vera minnst 30 faðmar á lengd.

10. gr.

Dufl skulu útbúin með stöng, sem stendur upp í straumlausu, og flagg úr stinnu efni, svo að það standi jafnan út frá skafti duflsins.

Að næturþeli skulu menn skyldir til að hafa ljósker á duflum sínum, þannig að hafi menn tvær netatrossur í sjó, þá hafi þeir ljósker á annari, en hafi þeir þrjár, þá tvö ljósker.

Skulu ljóskerin vera eins örugg og kostur er á.

11. gr.

Öll veiðarfæri, sem notuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar þessarar, mega umsjónarmennirnir taka og flytja í land, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lög-reglustjóra upptökuna og alla málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skulu höfð í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð um það, að sá, er veiðarfærin voru tekin upp fyrir, sé sýknaður með dómi, eða málssókn gegn honum falli niður, eða að hann hafi greitt sektir þær, er honum hafa verið gerðar, eða sett fullgilda tryggingu fyrir þeim.

12. gr.

13

3. febr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum frá 25—500 krónum.

Viðurlög við brotum á 2. gr. ferfaldast við hverja ítrekun brotsins upp í hámark sektar.

Sektarfé gangi til Hafnarsjóðs Vestmannaeyja.

13. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 3. febrúar 1939, og eru þá jafnframt fallnar úr gildi eldri fiskveiðasamþykktir fyrir Vestmannaeyjar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefir gert samkvæmt lögum nr. 86 14. nóvember 1917 og síðari breytingum á þeim, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

14

3. febr.

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 10. þessa mánaðar allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda 10% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 24. nóvember 1938 um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. febrúar 1939.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Bindindishöll Reykjavíkur, útgefin á 15 venjulegan hátt, ad mandatum 11. febrúar 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

11. febr.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ
fyrir Bindindishöll Reykjavíkur.

Vér undirritaðir, stofnendur Húsfélags bindindismanna gerum kunnugt, að vér með þessari skipulagsskrá stofnum Bindindishöll Reykjavíkur, sem er sjálfseignar-